

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-105/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 26. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 18. desember. Með bréfi, dags. 3. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 8. janúar. Með bréfi, dags. 16. janúar, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 11. febrúar. Með bréfi, dags. 18. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og bárust þær hinn 19. febrúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 20 maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 27. júní 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.200.000 auk þess sem önnur bifreið, að verðmæti kr. 1.100.000, var látinn upp í kaupverðið. Kaupverð var því samtals kr. 2.300.000. Var bifreiðin af gerðinni Volvo XC90 T6 AWD, árgerð 2003, fyrst skráð 29. janúar 2008 og ekin 68.000 mílur. Segir álitsbeiðandi að þegar hann hafi átt bifreiðina í um 8 vikur, eða hinn 23. ágúst, hafi kviknað viðvörunarljós í mælaborði hennar við eðlilegan akstur. Gaf viðvörunarljósið það til kynna að gera þyrfti við sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Var greinilegt við akstur bifreiðarinnar að eitthvað var að þar sem bifreiðin virtist ekki skipta um gir. Kom fljótlega í ljós að bakkgír skiptingarinnar virkaði ekki. Hinn 24. ágúst segist álitsbeiðandi hafa hringt í umboðsverkstæði fyrir bifreiðar af umræddri gerð og beðið um nánari upplýsingar um þýðingu viðvörunarljóssins. Sagði starfsmaður verkstæðisins að nokkur atriði kæmu til greina og nauðsynlegt yrði að tengja bifreiðina við tölvu til þess að skera úr um hvað væri að. Hinn 26. ágúst var bifreiðin dregin á umboðsverkstæðið. Þar var hún skoðuð og kom í ljós að sjálfskiptingin var biluð. Mælti verkstæðið með því að skipt yrði um sjálfskiptinguna. Benti umboðsverkstæðið á annað verkstæði sem tæki að sér að gera við sjálfskiptingar. Það verkstæði áætlaði að viðgerð á sjálfskiptingunni myndi kosta á bilinu kr. 6-700.000. Segist álitsbeiðandi á þessum tímavarki hafa sett sig í samband við bifreiðasölu þá er hafði milligöngu um kaupin á bifreiðinni og óskað eftir því að seljandi yrði upplýstur um stöðu mála. Í kjölfarið óskaði álitsbeiðandi einnig eftir því að seljandi tæki þátt í kostnaði við viðgerð á sjálfskiptingunni. Hinn 9. september sl. hafði álitsbeiðandi síðan samband við FÍB, þar sem seljandi hafði ekki virt hann svara. Sendi FÍB seljanda bréf hinn 19. september þar sem óskað var eftir því að seljandi tæki þátt í viðgerðarkostnaði. Hinn 30. september svaraði seljandi og hafnaði því að taka þátt í kostnaðinum.

Segir seljandi að hann hafi látið gera við sjálfskiptinguna og greitt fyrir þá viðgerð kr. 600.000. Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi greiði honum skaðabætur sem nemi þeirri fjárhæð. Bendir álitsbeiðandi á að hann hafi einnig þurft að leggja út fyrir ýmsum öðrum kostnaði í tengslum við bilunina, svo sem langtímaleigu á bílaleigubifreið og kostnaði við flutning bifreiðarinnar á verkstæði. Hann geri hins vegar ekki kröfu vegna þess kostnaðar. Bendir álitsbeiðandi á að hann hafi greitt kr. 2.300.000 fyrir bifreiðina og hafi þá verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu fram við söluskoðun á bifreiðinni. Telur álitsbeiðandi því að hann hafi greitt nokkuð hátt verð fyrir bifreiðina og hafi hann því mátt vænta þess að hún væri í góðu ástandi. Í þessu samhengi vísar álitsbeiðandi til 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem hann telur eiga við um kaupin.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af ástandsskoðunarskýrslu, dags. 27. júní 2013, afrit af kaupsamningi og afsali, dags. s.d., afrit af samskiptum álitsbeiðanda við umboðsverkstæði og afrit af samskiptum FÍB og seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af lögfræðingi hennar, kemur m.a. fram að umrædd kaup hafi farið fram hinn 27. júní 2013. Tekur seljandi fram að ásett verð á hinni seldu bifreið hafi upphaflega verið kr. 2.690.000, en þar sem seljandi þurfti að losna við bifreiðina sem fyrst var það fært niður í 2.490.000. Álitsbeiðandi keypti hins vegar bifreiðina á 2.300.000. Tekur seljandi fram að álitsbeiðandi hafi látið ástandsskoða bifreiðina fyrir kaupin. Í skoðuninni kom fram að huga þyrfti að nokkrum atriðum, en hins vegar fannst ekkert athugavert að sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Segir seljandi að kaupandi hafi þó viljað vera alveg öruggur með kaupin og hafandi heyrt að sjálfskiptingar í bifreiðum af sömu tegund væru lélegar hafi hann einnig farið með bifreiðina í skoðun í Z. Þar hafi heldur ekki verið sett nokkuð út á sjálfskiptinguna. Sem fyrr segir greiddi álitsbeiðandi kr. 2.300.000 fyrir bifreiðina og var hún ekin um 130.000 við kaupin. Bendir seljandi á að kaupverðinu hafi verið skipt upp í peningagreiðslu, lán og uppítöku á annarri bifreið. Sú bifreið var sett upp í á kr. 1.050.000 en raunvirði hennar skv. Bílgreinasambandi Íslands sé hins vegar aðeins kr. 600.000.

Seljandi rekur næst að um tveimur mánuðum eftir kaupin hafi sjálfskipting bifreiðarinnar bilað í kjölfar þess að hún sýndi aðvörunarljós í mælaborði um að eitthvað væri að sjálfskiptingunni. Segir seljandi að skv. málsatvikalýsingu álitsbeiðanda hafi hann ekið bifreiðinni frá Kópavogi og út í Hafnarfjörð eftir að ljósið kviknaði. Þegar álitsbeiðandi hafði síðan samband við umboðsverkstæði vegna bilunarinnar, var honum tjáð að óráðlegt væri að aka bifreiðinni á verkstæðið til frekari skoðunar. Var bifreiðin því dregin þangað. Bendir seljandi einnig á að í bréfi FÍB til sín hafi ekki komið fram að bifreiðinni hefði verið ekið um 10 km eftir aðvörunarljós kviknaði sem og að ekki var tekið fram að bifreiðin hefði farið í tvær ástandsskoðanir fyrir kaupin. Segir seljandi að álitsbeiðandi geri kröfu um að sér verði greiddar á bilinu kr. 6-800.000 og að krafan sé til komin vegna viðgerða á sjálfskiptingu, auk skipta á tímareim. Megi því ætla að álitsbeiðandi telji tímareimina einnig til leynds galla á bifreiðinni. Þá geri álitsbeiðandi einnig kröfu vegna kostnaðar við að leigja bifreið á meðan á viðgerðinni stóð, þ.e. í um tvo mánuði. Segir seljandi að krafa álitsbeiðanda sé óskýr. Krafan lúti að viðgerðum á sjálfskiptingu án þess að tilgreindur sé nákvæmlega kostnaður vegna þeirrar viðgerðar, né vegna flutnings á bifreiðinni eða kostnaði við að leigja bifreið. Sömu sögu sé að segja vegna kröfu um kostnað við tímareimaskipti. Virðist álitsbeiðandi byggja kröfu sína á því að hin selda bifreið væri gott eintak, sem hann raunar fékk afslátt af í kjölfar söluskoðunar.

Segist seljandi hafna öllum kröfum álitsbeiðanda. Telur seljandi það ósannað að bifreiðin hafi verið haldin galla við afhendingu. Þá telur seljandi fráleitt að ætla að hann beri ábyrgð á galla í notaðri bifreið sem álitsbeiðandi lét söluskoða í tvígang fyrir kaup án þess að

nokkuð kæmi fram við þær skoðanir um að sjálfskipting bifreiðarinnar væri ekki í fullkomnu lagi. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi ekki gefið neitt upp um það hvar og með hvaða hætti hann notaði bifreiðina í þá tvo mánuði sem liðu frá sölu og þar til bilun gerði vart við sig.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi segir að ásett verð bifreiðarinnar hafi verið kr. 2.490.000. Við kaupin hafi aldrei komið fram að ásett verð bifreiðarinnar hafi verið kr. 2.690.000. Þá hafnar álitsbeiðandi því að hann hafi vitað að sjálfskiptingar í bifreiðum af sömu tegund og hin umþrætta bifreið, væru ekki góðar. Bendir álitsbeiðandi og á að sjálfskiptingin hafi ekki verið skoðuð nákvæmlega í söluskoðun, aðeins hafi verið athugað hvort olía á skiptingu væri í lagi. Þá segir álitsbeiðandi að fullyrðingar seljanda um að bifreiðin hafi einnig verið söluskoðuð af umboðsverkstæði séu rangar. Umboðsverkstæðið hafi einungis hlustað eftir aukahljóði sem heyrðist frá bifreiðinni. Var niðurstaða þeirra sú að hljóðið kæmi frá hemlunarbúnaði bifreiðarinnar. Þá segir seljandi að aðvörunarljósið sem hafi kviknað í mælaborðinu þegar sjálfskiptingin bilaði hafi verið gult. Gult þýði að skoða þurfi sjálfskiptinguna, ekki að hún sé biluð. Því hafi ekki verið óeðlilegt að aka bifreiðinni nokkra km á gulu ljósi. Þá segir seljandi að ekki sé rétt að hann hafi ekið 10 km eftir að ljósið kveinaði. Hið rétta sé að hann hafi ekið 6,5 km. Hvað varðar kröfugerð þá segir álitsbeiðandi að hann fari fram á að seljandi greiði sér kr. 600.000. Sú krafa lúti eingöngu að viðgerð á sjálfskiptingu, en ekki öðrum atriðum. Hvað varðar verðið á bifreiðinni sem álitsbeiðandi lét upp í hina umþrætta bifreið, bendir álitsbeiðandi á að skv. Bílgreinasambandi Íslands sé raunvirð hinnar umþrætta bifreiðar einnig mun lægra en kaupverðið.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda, rituðum af lögfræðingi seljanda, kemur m.a. fram að seljandi ítrekar að bifreiðin hafi verið seld með töluverðum afslætti. Þá er ítrekað að álitsbeiðandi hafi sjálfur haft orð á því við kaupin að hann vissi til þess að sjálfskiptingar í bifreiðum sömu tegundar væru lélegar. Því hafi hann farið með bifreiðina í tvennar skoðanir fyrir kaupin. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi sé einn til frásagnar um hvað gerðist þegar viðvörunarljós í mælaborði bifreiðarinnar kviknaði hinn 23. júlí sl., þ.e. þegar sjálfskipting bifreiðarinnar bilaði að sögn álitsbeiðanda. Þá sé einnig ómögulegt að vita hvernig álitsbeiðandi notaði bifreiðina, eða hélt henni við, í þá tvo mánuði sem hann hafði hana til afnota áður en sjálfskiptingin bilaði. Bendir seljandi einnig á að álitsbeiðandi sé tvísaga um hvað gerðist þegar umrætt viðvörunarljós kviknaði og telur seljandi, m.v. hvernig álitsbeiðandi hefur lýst atvikum, þ.e. að ekki hafi verið hægt að setja skiptinguna í bakkgríp, að raunar hafi kviknað rautt ljós, en ekki gult, í mælaborði bifreiðarinnar.

VII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda er ítrekað að ásett verð á bifreiðinni hafi verið kr. 2.490.000 og að bifreiðin hafi aðeins farið í eina söluskoðun. Þá ítrekar álitsbeiðandi að hann hafi ekkert þekkt til sjálfskiptinga í bifreiðum af sömu tegund, né tjáð sig nokkuð um það við kaupin. Þá hafnar álitsbeiðandi vangaveltum seljanda um að umrætt viðvörunarljós hafi verið rautt, en ekki gult.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. sérstaklega 2. mgr. 1. gr. laganna, en bifreiðasali hafði milligöngu um kaupin.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 27. júní 2013 fyrir kr. 2.300.000, en kaupverðið var greitt að hluta, kr. 1.200.000, með peningum, en að hluta með annarri bifreið sem metin var á kr. 1.100.000. Bifreiðin sem um er deilt er árgerð 2003 og fyrsti skráningardagur hennar 29. janúar 2008 en bifreiðin var flutt inn notuð. Bifreiðin var um 9 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 68.000 mílur, þ.e. um 109.500 km, þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali. Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 27. júní 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verða á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Mun álitsbeiðandi hafa látið

söluskoða bifreiðina sama dag og kaupin fóru fram og voru þar gerðar athugasemdir við nokkur atriði, en ekki sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Munu þessar upplýsingar hafa haft áhrif á kaupverð bifreiðarinnar, til lækkunar. Þá fær kærunefndin ekki séð að kaupverðið á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið lægra en viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum, þó segja megi að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Svo sem rakið er að framan mun sjálfskipting hinnar umþrættu bifreiðar hafa bilað í lok ágúst sl., þ.e. um 2 mánuðum eftir að kaupin fóru fram. Samkvæmt málsatvika lýsingu álitsbeiðanda virðist bilunin ekki hafa átt sér neinn aðdraganda. Í gögnum málsins er ekki að finna neinar nánari skýringar á biluninni, aðeins lýsingu á því hvar og hvenær hún kom fram. Segist seljandi hafa látið skipta um sjálfskiptingu í bifreiðinni í kjölfar bilunarinnar og að kostnaður vegna þess hafi numið kr. 600.000. Hins vegar liggur enginn reikningur fyrir í málinu vegna viðgerðarinnar, þrátt fyrir að andsvör seljanda hafi borið það með sér að seljandi teldi kröfugerð álitsbeiðanda vanreifada hvað það varðaði. Eins liggur ekkert fyrir um það hve mikið bifreiðinni hafði verið ekið frá kaupdegi og þangað til sjálfskipting hennar bilaði í lok ágúst sl. Telur álitsbeiðandi ljóst að sjálfskipting hafi þegar á kaupdegi verið haldin galla, þó að sá galli hafi ekki komið fram við söluskoðun. Seljandi hefur alfarið hafnað þess, telur bifreiðina hafa verið gallalaus á söludegi og að bilunin verið heldur rakin til notkunar álitsbeiðanda sjálfs á bifreiðinni.

Sem fyrr greinir var bifreið sú er um er deilt um 9 ára gömul og ekin um 110.000 km. Mátti álitsbeiðandi því búast við því að bifreiðin gæti þarfnast einhvers viðhalds og að upp gætu komið bilanir í henni og hinum ýmsu íhlutum hennar, svo sem sjálfskiptingu. Þá telur kærunefndin að álitsbeiðanda hafi, gegn mótmælum seljanda, ekki tekist að sýna fram á að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi verið haldin galla á kaupdegi sem síðan leiddi til þess, tveimur mánuðum eftir kaupin, að sjálfskiptingin bilaði. Er það því mat kærunefndarinnar að bifreiðin hafi ekki verið haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna eða í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup almennt. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

IX Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir